

Sp.

467. Fyrirspurn

[239. mál]

til samgönguráðherra um fjárframlög til vegagerðar.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hversu há voru fjárframlög til vegagerðar á árunum 1983–1985 og hvert er áætlað fjárframlag 1986:
 - a. í krónum talið,
 - b. sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?
2. Hverju nemur skerðingin sömu ár og áætluð skerðing 1986 miðað við langtímaáætlun í vegagerð frá árinu 1983?
3. a. Hversu háu hlutfalli af heildarsköttum af bensíni, þ.e. tollum, söluskatti og bensíngjaldi, hefur verið varið til vegamála á árunum 1983–1985 og hvert er áætlað að það hlutfall verði árið 1986?
 - b. Hverju nemur skerðingin miðað við að 50% ofangreindra heildarskatta af bensíni renni til vegamála?
4. Hvert verður framkvæmdagildi vegafjár til nýframkvæmda í ár:
 - a. miðað við árin 1983–1985,
 - b. miðað við vegáætlun samþykkt í maí 1985?

Skriflegt svar óskast.